

Ed.

678. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóv. 1907 um vegi.

Flutningsmenn: Kristinn Danielsson og Steingrímur Jónsson.

Á eftir 5. gr. komi ný grein svo hljóðandi (og greinatalan breytist eftir því):

Verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélag út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða sýsluvegagjald, ef hreppsfélagið hefir, næsta ár á undan því er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verzlunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði sem sýsluvegagjaldinu nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en kr. 2,50 á hvern verkfæran mann samkv. 3. gr. þessara laga.